



Socialdepartementet
Barn-
äldre- och jämställdhetsministern

Nordiska rådet
Ved Stranden 18
DK-1061 København K
Danmark

Svar við skriflegri fyrirspurn frá Norðurlandaráði um 10. sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna um að draga úr ójöfnuði

Formaður Norrænu velferðarnefndarinnar í Norðurlandaráði, Bente Stein Mathisen (H), beindi skriflegri fyrirspurn til norrænu ríkisstjórnanna um hvað ríkisstjórnir landanna gerðu í því skyni að hamla gegn aukinni misskiptingu og framfylgja 10. heimsmarkmiðinu um að draga úr ójöfnuði. Svíþjóð, sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2018, sér um samantekið svar til Norðurlandaráðs og fór þess því á leit við ríkisstjórnir Norðurlandanna að þær skiluðu inn lýsingu á aðgerðum landanna varðandi fyrirspurnina. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir svörum sem borist hafa frá ríkisstjórnnum Noregs, Finnlands, Íslands og Danmerkur og því starfi og aðgerðum sem ríkisstjórn Svíþjóðar hefur unnið á liðnu kjörtímabili (2014–2018). Vegna þess að Svíþjóð er með bráðabirgðaríkisstjórn í augnablikinu nær svar Svíþjóðar ekki til starfsemi og aðgerða fram í tímann.

Svar frá ríkisstjórn Svíþjóðar

Síðan Dagskrá SP 2030 var samþykkt með 17 heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun hefur ríkisstjórnin á liðnu kjörtímabili (2014–2018) látið í ljósi metnað um að Svíþjóð skuli vera í fararbroddi við framkvæmd dagskrárinnar, á landsvísu og á alþjóðavettvangi. Í júní 2018 kynnti ríkisstjórnin [Framkvæmdaáætlun Dagskrár 2030 2018–2020](#) sem lýsir helstu aðgerðum vegna framkvæmdar dagskrárinnar á árunum 2018–2020. Framkvæmdaáætlunin dregur fram sex þverfagleg áherslusvið sem byggja á tillögnum sem [Dagskrá 2030-sendinefndin](#), sem að beiðni ríkisstjórnarinnar

á að styðja við og efla framkvæmd Svíþjóðar á dagskránni, skilaði til ríkisstjórnarinnar 1. júní 2017. Áherslusviðin sex í framkvæmdaáætluninni eru 1) jöfnuður og jafnrétti, 2) sjálfbært samfélag, 3) samfélagslega hagkvæmt hringrásarlífshagkerfi, 4) öflugt atvinnulíf með sjálfbærum fyrirtækjum, 5) sjálfbær og heilnæm matvælakeðja og 6) þekking og nýsköpun. Í framkvæmdaáætluninni kemur fram að Svíþjóð eigi að vera fyrirmynd á alþjóðavettvangi þegar kemur að efnahagslegri, félagslegri og umhverfislegri sjálfbærni, með samstilltri stefnu sem tekur tillit til sjónarmiða fátæks fólks og mannréttinda, í samræmi við Stefnu um hnattræna þróun sem sænska þingið samþykkti árið 2003.

Framkvæmdáætlunin leggur áherslu á að Svíþjóð stendur framarlega í vinnu að sjálfbærri þróun, en líkt og mörg önnur ríki hefur Svíþjóð enn mörg stór óleyst viðfangsefni. Meðal þessara viðfangsefna er sjónum beint að auknum ójöfnuði í Svíþjóð og mörgum löndum, ógnunum gegn jörðinni í umhverfis- og loftslagsmálum og einnig viðvarandi viðfangsefnum þegar kemur að jafnrétti á sviði heilbrigðismála og jöfnum tækifærum til símenntunar.

Að því er varðar 10. markmiðið um að draga úr ójöfnuði, þá leggur framkvæmdaáætlunin áherslu á aukinn jöfnuð og sænska þjóð sem stendur saman, til að mynda varðandi verkefni á sviði heilsugæslu, skóla og umönnunar, auk samþykktar um að gera Barnasáttmála SP að sænskum lögum sem og að vinna gegn aðskilnaði og átaksverkefni til að bæta stöðuna í sveitarfélögum og á svæðum sem glíma við félagslegar áskoranir. Í fötlunarmálum er lögð áhersla á ný landsmarkmið og stefnu í fötlunarmálum sem byggir á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Einnig eru dæmi um vinnu til að draga úr ójöfnuði innan og milli landa sem tengjast undirmarkmiðum 10. markmiðsins, sem varða meðal annars fólksflutninga og hælisleitendur sem og aðgerðir til að sporna gegn t.d. peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nefnd sem aðgerðir sem lokið er.

Í júní var skipuð nefnd, [Jafnræðisnefndin \(Tilskipun. 2018:74\)](#), sem er ætlað að skila tillögum sem eiga að draga úr misskiptingu í Svíþjóð til framtíðar. Nefndinni er meðal annars ætlað að leggja áherslu á aðgerðir sem stuðla að jöfnun aðstöðumunar í æsku og tækifærum til góðrar menntunar og vinnu með góðum starfsskilyrðum. Vinna nefndarinnar á einnig að stuðla að auknu jafnrétti og bættri aðlögun sem og efla starf að jafnrétti á sviði heilbrigðismála. Niðurstöður verða kynntar eigi síðar en 31. maí 2020.

Auk ofangreindra dæma var lagt fram í apríl 2018 frumvarpið [Góð heilsa fyrir alla – markviss lýðheilsustefna](#) (2017:18/249) í sænska þinginu og samþykkt 14. júní 2018. Helstu markmið lýðheilsustefnunnar eru umorðuð með skýrari áherslu á jafnrétti á sviði heilbrigðismála fyrir alla þjóðina, með markmiði um að „draga úr þeirri mismunun sem má hafa áhrif á í heilbrigðismálum sem finna má innan einnar kynslóðar“ með breytingu á fyrri ellefu markmiðum í átta sem lýsa mikilvægustu þáttunum sem hafa áhrif á heilsu og stuðla að góðri heilsu fyrir alla. Eitt þeirra, marksvið 4: Tekjur og lífsviðurværi eru lykilsvið til að ná fram jafnrétti á sviði heilbrigðismála og einn af mikilvægustu þáttunum varðandi mun á heilsufari.

Ríkisstjórnin hefur auk þess rekið stefnu sem lýst er sem „virkri stefnu til að skipta kökunni þannig að sænskt efnahagslíf sé sniðið að þörfum allra“. Verkefni hafa farið fram á sviði heilbrigðismála, skóla og umönnunar með sérstakri áherslu á lífeyrisþega, barnafjölskyldur og námsmenn auk sérverkefna fyrir lágtekjuheimili. Barnafjölskyldur hafa verið sérstakur markhópur þar sem meðal annars barnabætur voru hækkaðar um 200 sænskar krónur á mánuði frá og með mars 2018, viðbótarframlagið vegna þriðja barns var hækkað og einnig framfærslustyrkur fyrir einstæða foreldra með börn.

Þegar kemur að jafnréttissjónarmiðum í 10. markmiðinu hefur Svíþjóð látið fram fara nokkur verkefni á þessu sviði, meðal annars á grundvelli stöðugs starfs að jafnréttismálum í landinu og feminískri stefnu í utanríkismálum. Jafnrétti og valdefling kvenna og stúlkna er lykilatriði í vinnu að auknum jöfnuði í samfélaginu. Í formennskutið Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni var meðal annars haldin ráðstefna um innkomu kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkað og ráðstefna um jöfnun lífeyrisréttinda.

1. áherslusvið framkvæmdaáætlunar Svíþjóðar: Samfélag þar sem ríkir jöfnuður og jafnrétti, nær til margra markmiða, meðal annars 3. markmiðsins. Góð heilsa og vellíðan, 5. markmiðið. Jafnrétti og 10. markmiðið. Draga úr ójöfnuði. Áherslusviðið beinist að því að jafna þann lífshjálamun sem er milli einstaklinga og hópa. Svíþjóð er lífandi og traust lýðræðisríki, sem einkennist af þátttöku með jöfnum tækifærum til að hafa áhrif og þar sem einnig er stuðlað að góðri heilsu á jafnréttisgrundvelli. Meðal aðgerða á áherslusviðinu má nefna vinnu að jafnrétti í foreldrahlutverkinu og aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni. Sömuleiðis stefnu ríkisstjórnarinnar í lýðræðismálum innanlands og stefnu um jafnrétti á

alþjóðavettvangi og réttindi kvenna og stúlkna í þróunarsamstarfi sem gildir á árunum 2018–2022.

Á leiðtogafundi SP, HLPF, í New York í júlí 2019 þar sem meðal annars á að ræða 10. markmiðið og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september, mun sænsk sendinefnd mæta á fundinn og leggja sitt af mörkum.

Svar frá ríkisstjórn Noregs

10. markmiðið – um að draga úr ójöfnuði innan og milli landa

Í samanburði við flest önnur ríki er lítill tekjumunur í Noregi. Hátt atvinnustig og lítið atvinnuleysi þýðir að stór hluti íbúanna tekur þátt í launuðum störfum. Greiðslur til almannatrygginga til að bæta upp tekjutap vegna atvinnuleysis, sjúkdóma og örorku stuðla einnig að því að draga úr tekjumismun. Sama gagn gerir uppbygging skattkerfisins, en mikilvægasta framlag skatta til jöfnuðar er fjármögnun heilbrigðismála, menntamála og tekjutryggingakerfis. Um leið verður að gera skattkerfið þannig úr garði að það hvetji til mikillar atvinnuþátttöku og verðmætasköpunar. Í því skyni að halda tekjumismun niðri er mikilvægt að forðast brottfall ungs fólks úr skóla og af vinnumarkaði um leið og flýta þarf fyrir atvinnuþátttöku innflytjenda. Það krefst einnig eftirlits með heildarfjölda innflytjenda.

Miðað við höfðatölu er Noregur meðal þeirra landa sem veita mesta þróunaraðstoð. Stór hluti þróunaraðstoðarinnar fer til fátækustu ríkja heims. Noregur lætur enn fremur fátækustu ríkin njóta forréttinda í utanríkisviðskiptum. Noregur vinnur einnig að þróunarmálum og minni ójöfnuði með því að styðja alþjóðastofnanir, hér á meðal starf Alþjóðabankans að því að draga úr fátækt. Því til viðbótar leggur Noregur fjármagn af mörkum til starfs Afríska þróunarbankans að grænum hagvexti með þátttöku allra. Framfylgd 10. markmiðsins er lýst nánar í kafla 6.3.

Nánar um eftirfylgni 10. markmiðsins

Frá alþjóðlegu sjónarmiði er tekjum, lífsgæðum og líf skjörum skipt jafnt í Noregi. Atvinnuleysi er minna en í flestum öðrum ríkjum og atvinnuþátttaka er tiltölulega mikil. Noregur er með gott kerfi til að bæta upp tekjutap vegna atvinnuleysis, sjúkdóma og örorku. Ásamt mikilli atvinnuþátttöku stuðlar

það að tekjujöfnuði. Skattkerfið stuðlar einnig að jafnri tekjudreifingu. Mikilvægasta hlutverk skattkerfisins er hins vegar fjármögnun opinberrar velferðar, þjónustu og greiðslna til almannatrygginga. Í Noregi stuðla skattar og greiðslur til almannatrygginga til samans að því að draga úr tekjumismun um nálega 40 prósent. Aðgangur að ókeypis heilbrigðisþjónustu stuðlar í verulegum mæli að jafnari kaupgetu. Það er ekki tekið með í venjulegum mælingum á tekjujöfnuði.

Tekjujöfnuður í ríkjum OECD hefur aukist á undanförunum áratugum, en frá sögulega séð mjög lágu stigi. Undanfarna áratugi hefur tekjumunur einnig aukist í mörgum þróunarríkjum og vaxandi hagkerfum. Rannsóknir, byggðar á svólítið ótraustum gögnum, sýna að einstaklingsbundinn munur hefur ekki aukist á tímabilinu á heimsvísu. Það er til komið vegna þess að veruleg tekjuaukning í mörgum fátækum og vaxandi hagkerfum hefur unnið gegn auknum mun í löndunum. Þó svo að tekjujöfnuður hafi einnig aukist í Noregi síðan á níunda áratug síðustu aldar, er Noregur enn meðal þeirra landa í heiminum þar sem tekjujöfnuður er mestur og lífskjörin best.

OECD skilgreinir lágar tekjur sem tekjur undir 50 prósentum af miðgildi tekna, á meðan ESB setur lágtekjumarkið við 60 prósent. Noregur hefur ekki neina opinbera skilgreiningu á lágtekjumörkum. Tvær fyrrgreindar alþjóðlegar skilgreiningar eru notaðar til að lýsa ástandinu. Á grunni skilgreiningar ESB hefur hlutfall viðvarandi lágtekna, skilgreint sem meðaltekjur síðastliðinna þriggja ára, aukist úr tæpum 8 prósentum árið 2006 í 9,4 prósent árið 2016. Sé reiknað á grunni skilgreiningar OECD hefur hlutfallið á sama tímabili aukist úr u.þ.b. 3 prósentum í 4,4 prósent. Aukninguna verður að skoða í ljósi mikils aðflutnings vinnuafls, sameiningar fjölskyldna og nýrra hælisleitenda.

Eftirfylgni innanlands

Ef draga á úr ójöfnuði til lengri tíma lítið verður menntakerfið að veita börnum og ungmönnum góða færni. Skattkerfið og stuðningskerfi verður að útbúa þannig að þau styðji verðmætasköpun og mikla atvinnuþátttöku. Aukin atvinnuþátttaka er áhrifaríkasta tækið til að koma enn frekar í veg fyrir að fólk festist í viðjum lágtekna og til að auka tekjur í lágtekjuhópunum. Frá alþjóðlegu sjónarmiði er mikil atvinnuþátttaka og tiltölulega lítið atvinnuleysi í Noregi. Nýjar örorkubætur frá árinu 2015 auðvelda fólki að sameina vinnu og örorkubætur og eru skref í rétta átt. Góð stjórnun markaðshagkerfis, virk

stefna í atvinnumálum og samræmd launaþróun stuðla einnig að minni tekjujöfnuði.

Á undanförunum áratugum hefur verið mikill innflutningur fólks til Noregs frá láglauanalöndum. Stór hluti þessa farandfólks hefur mun minni atvinnuþátttöku en aðrir íbúar, meðal annars vegna skorts á menntun og slakari norskukunnáttu. Það veldur fjölgun í lágtekjuhópunum. Það getur einnig þrýst á um lækun launa lítt menntaðra einstaklinga. Noregur reynir að takmarka og stjórna innflutningi fólks um leið og reynt er að vernda einstaklinga sem eiga rétt á vernd. Í því skyni að vinna gegn auknum tekjumun er sérlega mikilvægt að koma innflytjendum á vinnumarkað sem fyrst. Ríkisstjórnin innleiddi árið 2015 ókeypis grunntíma, 20 tíma á viku, í leikskóla fyrir fjögurra og fimm ára börn í fjölskyldum með lágur tekjur. Árið 2016 var kerfið útvíkkað og nær nú einnig til þriggja ára barna. Árið 2017 voru tekjumörkin hækkuð í 450.000 norskar krónur þannig að kerfið nær til fleiri barna.

Brottfall úr framhaldsskólum skapar aukna hættu á atvinnuleysi og litlum tengslum við vinnumarkaðinn. Hættan eykst vegna sívaxandi hæfniskrafna í atvinnulífinu, meðal annars í kjölfar sjálfvirknivæðingar og stöðugt aukinnar notkunar upplýsingatekni. Til að efla vinnuleiðina og vinna gegn lágum tekjum hefur ríkisstjórnin innleitt skyldu fyrir sveitarfélögin um að bjóða upp á verkefni fyrir einstaklinga yngri en 30 ára sem fá fjárhagsstuðning.

Eftirfylgni Noregs á alþjóðavettvangi

Þróunaraðstoð Noregs beinist að fátækustu ríkjum heims og stuðlar þar með að tekjujöfnuði milli landa. Noregur er meðal þeirra ríkja sem miðað við höfðatölu veitir mesta aðstoð til þróunarríkja. Noregur lætur auk þess vanþróuðustu ríkin njóta forréttinda í utanríkisviðskiptum, meðal annars tollaívilnana á innfluttri vöru. Noregur vinnur einnig að þróun og auknum jöfnuði með stuðningi við alþjóðastofnanir, meðal annars Alþjóðabankann. Frjáls alþjóðaviðskipti stuðla að auknum jöfnuði og Noregur vinnur að aukinni fríverslun.

Svar frá ríkisstjórn Finnlands

Á þessum áratug hafa ekki orðið neinar verulegar breytingar á tekjuskiptingu í Finnlandi. Síðast þegar veruleg aukning varð á misskiptingu tekna var á tíunda áratug síðustu aldar.

Í Finnlandi hefur sjónum verið beint sérstaklega að auknum ójöfnuði. Í upphafi árs 2017 skipaði forsætisráðherrann starfshóp til að kanna hvernig mætti draga úr ójöfnuði. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum í skýrslu með fjölda tillagna til að stöðva vaxandi ójöfnuð og í staðinn fá hann til að minnka. Fram settar tillögur að aðgerðum til að draga úr ójöfnuði eiga við mismunandi þjóðfélagssvið og stjórnsýslusvið. Hluti tillagnanna hefur þegar verið samþykktur og hluti tillagna starfshópsins verður afgreiddur af næstu ríkisstjórn.

Í skýrslu ráðherrans um alþjóðlegu framkvæmdaáætlunina Dagskrá 2030 um sjálfbæra þróun er 2. áherslusviðið Finnland þar sem jöfnuður, jafnrétti og þekking ríkir. Í skýrslunni eru kynntar aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur samþykkt til að styðja jöfnuð og jafnrétti í Finnlandi. Þetta helsta verkefni ríkisstjórnarinnar hefur stuðlað að bættu heilbrigði og aukinni velferð og dregið úr ójöfnuði, aukið tækifæri fólks með skerta starfsgetu til að taka þátt í atvinnulífinu og umbylt þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þannig að betur megi koma til móts við þarfir barna, ungmenna og fjölskyldna en í dag. Eitt markmið ítarlegra umbóta á stjórnsýslu landsins og á félags- og heilbrigðisþjónustu er að draga úr heilbrigðis- og velferðarmun milli ólíkra þjóðfélagshópa. Ríkisstjórnin eykur rétt barna á fræðslu í leikskólum og umönnun og hefur tekið með í fjárlagafrumvarpi sínu hækkun á lögstu dagpeningagreiðslum og ellilífeyri.

Einnig hefur verið hafinn undirbúningur umbóta á almannatryggingum. Markmiðið með verkefninu „Toimi“, sem beinist að heildarendurskoðun á grunnreiðslum almannatrygginga og atvinnumálum, er að afla upplýsinga til undirbúnings umbótanna og stuðla að umræðu í þjóðfélaginu. Markmiðið er að þeir ráðamenn sem undirbúa sig fyrir þingkosningar vorið 2019 hafi aðgang að ólíkum valkostum og líkönum til stuðnings við ákvarðanatökuna. Með umbótunum er leitast við að svara núverandi áskorunum í félagslega almannatryggingakerfinu, svo sem breytingum á vinnu og atvinnulífi og alþjóðavæðingunni.

Norrænt forgangsverkefni Finnlands¹⁾ hefur beint sjónum að styrk og áskorunum norræna velferðarlíkansins. Norrænu velferðarsamfélögin takast á við djúpstæðar breytingar vegna m.a. íbúasamsetningar, efnahags- og atvinnulífs og fólksflutninga með afleiðingum sem krefjast nýrrar stefnumörkunar.

Innan ramma verkefnisins hefur Finnland haldið nokkra viðburði um málefni sem varða félagslegan ójöfnuð og misrétti á Norðurlöndum og einnig tekið saman efni um ólíka stefnumörkun í löndunum. Tilgangurinn með verkefnunum er að Finnland vill að þverfagleg málefni sem varða jöfnuð og jafnrétti verði tekin til umræðu í norrænu samstarfi. Sjálfbær þróun og sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa verið leiðandi grunnreglur verkefnisins.

1. Opin og nýskapandi Norðurlönd þar sem fólki líður vel 2020 – Jafn aðgangur að velferð, menntun, menningu og vinnu 2016–2018.

Svar frá ríkisstjórn Íslands

Ísland hefur ekki nein opinber viðmið um lágmarkstekjur. Sveitarfélögin veita félagslega fjárhagsaðstoð þeim sem ekki hafa tök á að sjá um sig sjálfir og hafa tekjur undir ákveðnum mörkum, mörkum sem ekki eru lögbundin samkvæmt lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Aðilar vinnumarkaðarins semja um laun í kjarasamningum á vinnumarkaði og samningarnir gilda að lágmarki um kjör allra launþega í viðkomandi starfsgrein á gildissviðum samningsins óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma. Bannað er að gera samninga við launþega um lægri laun en kveður á um í almennum kjarasamningum. Almennt er miðað við að félagsleg aðstoð og annar opinber stuðningur skuli ekki vera hærri en lágmarks-laun. Í ríkisstjórnarsáttmálanum frá 30. nóvember 2017 kemur fram að allir skuli hafa jöfn tækifæri. Til að ná þessu markmiði er þörf á að bæta stöðu jafnarsettra hópa. Mat mun fara fram á tekjulægstu hópunum til að móta hugsanlegar tillögur um bætt kjör þeim til handa. Einkum verður lögð áhersla á börn sem búa við fátækt, en þau eru einn þeirra hópa sem helst standa höllum fæti. Örorkubætur og endurhæfingarlífeyrir og sambærilegur stuðningur er til staðar fyrir fólk með skerta starfsgetu og heildartekjur undir tilteknum mörkum. Markmiðið er að skapa einstaklingum sem búa við þessar aðstæður tækifæri til sjálfstæðs lífs. Auk þess er mikilvægt að

velferðarkerfin séu þannig uppbyggð að þau styðji fólk til virkrar samfélagsþátttöku, þar með einnig þátttöku á vinnumarkaði. Samkvæmt lögum um almannatryggingar fer ellilífeyrir eftir tekjum hvers og eins og er almennt veittur frá 67 ára aldri. Meirihluti ellilífeyris kemur frá lífeyrissjóðunum og tengist þátttöku á vinnumarkaði og þeim lífeyrisiðgjöldum sem aldraðir hafa greitt á starfsævi sinni.

Í því skyni að ná fram minni ójöfnuði á sviði heilbrigðismála á Íslandi var innleitt nýtt greiðslukerfi í heilsugæslu í maí 2017 til þess að draga úr kostnaði með áherslu á þá sem nota mikið af lyfjum og/eða umönnun og þak var sett á hámarksgreiðslur sjúklinga. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að fjölga úrræðum og efla frumheilsugæsluna, svo sem að bæta aðgengi að sálfræðiþjónustu. Greiðsluþátttaka ríkisins í þjónustu sjúkraþjálfara hefur einnig verið aukin. Síðan í maí 2015 fá börn ókeypis tannlæknaþjónustu og frá september 2018 er mikil greiðsluþátttaka í tannlæknaþjónustu fyrir aldraða og hún mun aukast. Kostnaður vegna tannlæknaþjónustu fyrir einstaklinga á stofnunum eða hjúkrunarheimilum verður greiddur að fullu frá september 2018.

Jafnréttislög, nr. 10/2008 kveða á um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Frá 1. september 2018 tóku gildi tvenn ný lög gegn mismunun; lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Lögin kveða á um bann gegn mismunun vegna kynþáttar, trúarbragða eða annarra skoðana, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar eða kynvitundar. Lögin eru í samræmi við tilskipun ráðsins 2000/78/EB um innleiðingu meginreglunnar um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi, og tilskipun ráðsins 2000/43/EB um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna. Samþykkt laganna var stórt skref til virkrar þátttöku flestra á vinnumarkaði og öðrum sviðum samfélagsins.

Fyrir árið 2030 skulu allir hafa aðgang að félagslífi og taka þátt í efnahagsmálum og stjórnámálum án tillits til aldurs, kynferðis, fötlunar, kynþáttar, uppruna, trúarbragða, efnahagslegrar stöðu eða af öðrum ástæðum.

Núverandi ríkisstjórn horfir einkum til jafnrar stöðu kvenna og karla. Kveikjan var fullgilding Ístanbúl-samningsins sem Ísland fullgilti í júní 2018

(Istanbul-samningurinn; samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi).

Á undanförunum árum hefur fjöldi laga verið breytt í því skyni að draga úr ójöfnuði og jafna tækifæri, til dæmis jafnréttislögunum og lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Einnig má nefna lagabreytingar sem kveða meðal annars á um einföldun bótakerfisins og breytingar á lífeyristökuldri. Í dag höfum við þingtillögur sem lúta að auknu jafnrétti og forvörnum gegn ójöfnuði, til dæmis framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019, framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021 og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019. Lagafrumvarp um jafnlaunavottun var samþykkt á Alþingi 1. júní 2017 með miklum meirihluta. Frumvarpið var lagt fram sem breyting á jafnréttislögum nr. 10/2008 og er nú að finna í ákvæði nr. 19. Samkvæmt ákvæði 19 og reglugerð nr. 1030/2017 um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85/2012.

Í nýju lögunum um opinber fjármál er kveðið á um að ávallt skuli sjálfbærni, varúð, stöðugleiki og gagnsæi höfð að leiðarljósi. Þá ber sérstaklega að hafa í huga ákvæði um kynjaða fjárlagagerð við undirbúning lagafrumvarpa um gerð fjárlaga ríkisins. Sívaxandi áhersla er á að koma í veg fyrir og draga úr ójöfnuði vegna kyns, fötlunar eða annarra þátta í allri stefnumótun og áætlanagerð ríkisstjórnarinnar.

Framkvæmdaáætlunin í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019 byggist á fimm stöðum; samfélagi, fjölskyldu, menntun, vinnumarkaði og flóttafólki. Áætlunin inniheldur 30 aðgerðir sem allar eiga að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir alla íbúa landsins. Núna er 21 aðgerð í undirbúningi, vinnslu eða lokið. Helsta viðfangsefnið er að gefa innflytjendum kost á að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Stærsta áskorunin varðandi flóttamenn á Íslandi er að finna húsnæði.

Jafnrétti og réttindi barna og annarra viðkvæmra hópa eru í brennidepli í þróunarsamvinnu Íslands á alþjóðavettvangi. Sérstaklega ber að beina sjónum að þeim hópum sem eiga misrétti á hættu, svo sem LGBTI-fólki, fólki með fötlun og öðrum viðkvæmum hópum. Meginmarkmið Íslands í þróunarsamvinnu er að draga úr ójöfnuði milli og innan landanna. Stór hluti framlags Íslands fer til fátækustu landanna með áherslu á að styðja þá hópa

sem búa við fátækt og misrétti. Þetta nær einkum til stuðnings við uppbyggingu félagslegra innviða, ekki síst í dreifbýli, þar sem fátækt er mest. Áhersla er lögð á stuðning við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda með jöfnum réttindum og jafnrétti sem leiðarstjörnu.

Svar frá ríkisstjórn Danmerkur

Í ljósi þarfar á að aðlaga heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að aðstæðum í löndunum, hefur danska ríkisstjórnin samið framkvæmdaáætlun fyrir vinnu og framfylgd Dagskrár 2030 í Danmörku. Ríkisstjórnin telur að framfarir skuli meta og í framkvæmdaáætluninni eru því 37 skýr markmið sem eru vel mælanleg og magngreinanleg. Með þessu er hægt að meta stöðuna og framfarir á kerfisbundinn hátt.

Ríkisstjórnin semur ár hvert stöðuskýrslur um 37 markmið framkvæmdaáætlunarinnar, sem einnig eru sendar til danska þjóðþingsins. Síðasta stöðuskýrsla kom út í júní 2018. Um leið verður samin ítarlegri stöðuskýrsla fjórða hvert ár, sem einnig mun innihalda verkefni sem varða framfylgd allra 17 heimsmarkmiða, þar á meðal 169 hlutamarkmiða. Í því samhengi mun nauðsynleg lagfæring framkvæmdaáætlunarinnar einnig koma við sögu.

10. heimsmarkmiðið um minni ójöfnuð er samþætt í forgangshluta 2 í framkvæmdaáætluninni – Fólki. Tilgangur forgangshlutans er að tryggja að hver og einn njóti frelsis til að skapa sér og sínum gott líf. Danmörk er einstakt velferðarþjóðfélag með jöfnum tækifærum með ókeypis aðgangi að menntun og heilbrigðisþjónustu, þar sem hver og einn hefur bæði réttindi og skyldur og þar sem félagslegur og efnahagslegur jöfnuður er mikill. Í því skyni að tryggja og efla þessi réttindi hefur ríkisstjórnin sett fram markmið um að efla skuli aðgerðir fyrir nemendur sem standa höllum fæti (12. markmiðið), fleiri skulu taka þátt á vinnumarkaði, þar á meðal einstaklingar með fötlun (16. markmiðið) og hlutverk Danmerkur sem virkur boðberi jafnréttis og kyn- og frjósemisheilbrigðis og réttinda á alþjóðavettvangi ber að standa vörð um (19. markmiðið).

Áður en framkvæmdaáætlunin um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna var samþykkt, samþykkti ríkisstjórnin í maí 2016 10 markmið um félagslegan hreyfanleika. Ríkisstjórnin vill fækka félagslega útskúfuðum einstaklingum.

Hver og einn á þannig að hafa sem bestar forsendur til að ná eins langt og kostur er með þeim úrræðum sem viðkomandi hefur yfir að ráða. Um leið skal veita skilvirkan stuðning þeim einstaklingum og fjölskyldum sem eru hjálparþurfi. Markmiðin ná m.a. til þess að fleira ungt fólk ljúki framhaldsskólanámi (2. markmiðið) og að fækka heimilislausum (7. markmiðið).

Síðan 2016 hefur ríkisstjórnin fylgt eftir ár hvert framþróun allra 10 markmiðanna í árlegri skýrslu dönsku ríkisstjórnarinnar um stöðu félagsmála. Næsta skýrsla verður birt í desember 2018. Meirihluti framfylgdar einstakra markmiða hefur þó þegar verið birtur og síðustu gögn sýna að þróunin á landsvísu þokast í rétta átt að því er varðar mörg markmiðanna. Fleiri ljúka til dæmis fíkniefnameðferð (8. markmiðið) eða áfengismeðferð (9. markmiðið) á viðunandi hátt og öðlast þannig betri forsendur til heilbrigðara og sjálfstæðara lífs.



Lena Hallengren